

burðum framangreindra vitna nægilega sannað, að hann hafi selt Finnþoga Rút brennivinspelann, og hefir hann með því gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans, með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Sigurður Helgi Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1938.

Nr. 155/1937. Valdstjórnin (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Karli Gísli Gíslasyni og Þórarni Vilhjálm Eypórssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfengis og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrest-

ur sektanna telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærðu til þess að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Karl Gísli Gíslason og Þórarinn Vilhjálmur Eypórsson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektar hvors þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu skulu sviptir rétti til að stýra bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hinir kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinsonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. nóv. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Gísla Gíslasyni bifreiðarstjóra, Ljósvallagötu 8, og

Þórarni Vilhjálmí Eyþórssyni bifreiðarstjóra, Hörpugötu 31, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða. Kærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Þórarinn Vilhjálmur fæddur 25. júlí 1912 og hefir aldrei sætt ákæru né refsingu, en Karl Gísli fæddur 15. nóvember 1909 og hefir hann, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1930 % Sætt 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1935 2% Aðvörun fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.

1937 % Áminning fyrir vöntun á framljósi bifreiðar.

Aðfaranótt 3. þ. m. varð lögreglan þess vör, að bifreiðinni R. 998 var ekið eftir Laugavegi í vesturátt og var henni þá ekið upp að gangstéttarbrún vinstra megin, og rakst þá vinstra frambretti bifreiðarinnar í ljóskefssstólpa, er þar stendur. Ók svo bifreiðin áfram og nam ekki staðar, þó að lögregluþjónn gæfi henni stöðvunarmerki, en það hefir ekki sannast, að bifreiðarstjórinn, sem þá var kærður Þórarinn Vilhjálmur, hafi tekið eftir stöðvunarmerkinu. Nokkru eftir að þetta gerðist náði lögreglan bifreið þessari á Ránargötu, og voru þá ákærðir báðir og tvær stúlkur í henni. Hefir síðan upplýzt, að kærðir höfðu fengið bifreiðina lánaða um kvöldið og höfðu ekið henni héðan úr bænum og að Geithálsi í Mosfellssveit og þaðan aftur hingað til bæjarins og voru að koma úr þeirri ferð, þegar lögreglan veitti þeim athygli, sem áður segir. Höfðu þeir skipzt á um að aka bifreiðinni í ferð þessari. Hafa þeir báðir játað að hafa fundið litillega á sér áhrif áfengis við akstur þennan, enda hafi þeir í félagi drukkið úr fullum whiskypela af brennivini skömmu áður en þeir fóru í ferð þessa. Rannsókn á blóðsýnishornum, er tekin voru úr kærðum, þegar lögreglan náði í þá, sýndi áfengismagn í blóðinu 1‰.

Með því þannig að aka bifreið undir áhrifum áfengis hafa kærðir brotið 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna. Auk þess hefir kærður Þórarinn Vilhjálmur með því að aka á ljóskefssstólpann brotið 15. gr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin fyrir hvorn um sig 100 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði þær (svo) ekki greiddar

innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þeir skulu báðir sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Karl Gísli Gíslason og Þórarinn Vilhjálmur Eyþórsson, sæti hvor 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði þær (svo) ekki ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir skulu sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 134/1936. Páll Sigurðsson, dánarbú Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar Jónssonar (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson (Eggert Claessen).

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ágreiningur út af verkamningi.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar af hálfu hinna stefndu í héraði með áfrýjunarstefnu dags. 9. september 1936, en síðan hafa tveir þeirra látitz, þeir Auðunn Jónsson og Guðmundur Jónsson. Hafa dánarbú þeirra haldið málinu áfram, ásamt sam-